

Alþingi
Erindi nr. P 136/619
komudagur 18.12.2008

Heilbrigðisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Heilbrigðisnefnd Alþingis
Sendandi: Una Björk Ómarsdóttir; Vilborg Þ. Hauksdóttir
Dagsetning: 18.12.2008
Málsnúmer: HBR08120085
Bréfalykill: 03.04

Efni: Gjaldtaka fyrir ferliverk á sjúkrahúsum.

Á fundi heilbrigðisnefndar Alþingis 17. desember 2008 bar nefndarmaður fram ósk um upplýsingar um söguna á bak við það hvers vegna var tekið upp göngudeildargjald á sjúkrahúsum vegna ferliverka.

Því er til að svara að hér búa samkeppnis- og jafnræðissjónarmið að baki. Staðan var sú að allt sem gert var á sjúkrahúsum var sjúklingum að kostnaðarlausu en hins vegar þurftu þeir að greiða fyrir sambærilega þjónustu sem veitt var á lækna stofum. Síðar var tekið upp fast gjald á göngudeild en áfram var ákveðið misræmi til staðar þar sem gjaldtaka á lækna stofum byggðist á hlutfalli af kostnaði.

Fyrir rúmlega áratug höfðað sjálfstætt starfandi sérgreinalæknir dómsmál vegna þessa og varð niðurstaðan sú að þessi mismunandi gjaldtaka væri ólögleg. Í framhaldi af því var gjaldtaka af sjúklingum á göngudeildum sjúkrahúsa og á lækna stofum samræmd.

Sjá nánar:

Álit Samkeppnisráðs nr. 5/1996, frá 21. mars 1996.

Dómur Hæstaréttar frá 29. október 1998 í málinu nr. 101/1998.